

SAMKOMULAG

Orkuveita Reykjavíkur, sameignarfyritæki, annars vegar, í samkomulagi þessu nefnd OR og Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn, samband iðnfélaga, Sveinafélag pípulagningamanna, Efling, stéttarfélag og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar b-hluti, hins vegar, í samkomulagi þessu nefnd stéttarfélög, gera með sér svofellt samkomulag:

1. gr. Gildissvið

OR og stéttarfélög gera samkomulag um nýtt kaupaukakerfi og gildir samkomulag þetta um þá sem við undirritun samkomulags þessa vinna samkvæmt kaupaukakerfi OR. Með samkomulagi þessu er því ekki aukið við verk eða verkþætti sem falla undir gildissvið kaupaukakerfis frá því sem verið hefur.

Kaupaukakerfi tekur til verka sem framkvæmdasvið OR vinnur með eigin vinnuflokkum og skilgreinir á hverjum tíma sem verkefni innan kaupaukakerfis. Kaupaukakerfið tekur ekki til verkefna sem fara í útboð og/eða eru unnin af verktökum samkvæmt samningum þar að lútandi. Þá greiðist kaupauki einungis þegar unnið er í framkvæmdaverkum. Allur annar vinnutími, svo sem námskeiðstími, veikindi, orlof o.s.frv., gefur ekki kaupauka.

2. gr. Markmið kaupaukakerfis

Með kaupaukakerfi er stefnt að eftirfarandi markmiðum:

1. Að hvetja til aukinna afkasta og skipulags í störfum.
2. Að auka við framleiðni.
3. Að veita starfsmönnum færi á að auka við tekjur sínar umfram dagvinnulaun.
4. Að tryggja skilvirkari framkvæmd og stjórnun innan framkvæmdasviðs.
5. Að tryggja innbyrðis samræmi á milli kaupauka annars vegar og útseldrar þjónustu í formi verkeininga hins vegar.
6. Að einfalda umsýslu og skilvirkni kaupaukakerfis.
7. Að tryggja samkeppnisfærni framkvæmdadeildar innan OR og á vinnumarkaði.

3. gr. Inntak kaupaukakerfis

Með kaupaukakerfi skal stefnt að því að starfsmenn njóti greiðslu kaupauka samhliða tímavinnukaupi eða föstum mánaðarlaunum fyrir vinnu sína í samræmi við nánar skilgreind viðmið.

Kaupaukakerfið byggir á verkeiningum sem eru seldar til þriðja aðila. Í kaupaukakerfinu felst að tiltekinn fjöldi kaupaukaeininga fæst fyrir hverja selda verkeiningu. Seldar verkeiningar hvers verks mynda þannig sameiginlegan heildar kaupauka (bónuspott) sem skiptist á milli allra þeirra sem unnu að viðkomandi verki.

4. gr.
Um verkeiningar
sem grundvöll kaupauka

Kaupaukakerfi samkvæmt samkomulagi þessu byggir á eftirfarandi:

Öll verk samanstanda af verkeiningum og eftir þeim eru verkin seld verkkaupum. Verkeiningarnar hafa innbyggt grunnmagn. Grunnverð verkeininganna er því þannig kr/m eða kr/stk eða kr/m² svo dæmi sé tekið. Magntaka verks felst í því að mæla hve margir m eða hve mörg stykki eða hve margir m² voru unnir í verkinu. Margfeldi magns og grunnverðs verkeiningar gefur síðan heildarverð viðkomandi verkeiningar í verki. Samanlagt heildarverð allra verkeininga í verki gefur svo heildarverkkostnað.

Hver verkeining hefur innbyggða grunnkaupaukaeiningu (tímar) sem miðast við sama grunn og verkeiningin, þ.e. m, stk. eða m².

Þegar verkið er magntekið fæst heildarkaupauki fyrir verkeininguna sem margfeldi grunnkaupaukaeiningar og magns. Samanlagður kaupauki allra verkeininga í verki gefur svo heildarkaupauka í verkinu (bónuspottinn).

Fjöldi grunnkaupaukaeininga í hverri verkeiningu ræðst af getu framkvæmdadeildar til að selja verkeiningarnar á samkeppnishæfum verðum á hverjum tíma.

Kaupauki (bónus) skal greiddur til starfsmanna, eftirá, samhliða launaútborgun 1. virka dag hvers mánaðar. Viðmiðunartímabil skal vera frá 16. degi mánaðar til 15. dags næsta mánaðar á eftir.

Viðmiðunarfjárhæð bónuseiningar skal vera 91% af mánaðarlaunum starfsmanns deilt með 173,33.

Verk sem seld eru í tímavinnu bera 80% kaupauka miðað við verk seld í verkeiningum. Þess skal því jafnan gætt að starfsmenn eigi sem jafnasta möguleika á verkum sem hægt er að selja í verkeiningum og þ.a.l. gefa fullan kaupauka.

5. gr.
Um skráningu kaupauka

Um alla skráningu í kaupaukakerfi skal fara samkvæmt nánari leiðbeiningum framkvæmdasviðs. Að jafnaði skal við það miðað að öll skráning verði rafræn.

Framkvæmdasvið tilnefnir starfsmann sem skal annast umsjón með skráningum, leiðréttingum o.þ.h. Þá skal starfsmönnum tryggður aðgangur að upplýsingum úr kaupaukakerfi og þeim þannig veitt færi á að fylgjast með eigin ávinnslu.

6. gr.
Um vinnugæði

Kaupauki skal ekki greiddur fyrir verk nema fullnægjandi vinnugæðum sé náð að mati framkvæmdasviðs. Ef vinna þarf verk að nýju vegna mistaka eða vanrækslu, sem rekja má til vinnubragða starfsmanna, skulu kaupaukaeiningar, sem grundvöllur kaupauka, bakfærðar.

7. gr. **Innleiðing kaupakakerfis**

Kaupakakerfi byggir á kaupakaeiningum sem sérhver verkeining skilar samkvæmt 4. gr. hér að ofan. Viðmiðið er að nýja kaupakakerfið skili í upphafi sömu niðurstöðu og það gamla, miðað við sömu forsendur í vinnumagni. Til að ná því viðmiði skal við innleiðingu kaupakakerfis taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- Meðalfjöldi kaupakaeininga starfsmanns sem starfaði í gamla kaupakakerfinu m.v. 100% starfshlutfall árin 2003-2005 voru 1000 einingar á mann að meðaltali og skal það haft til viðmiðunar þegar nýja kerfið er stillt af.
- Magn verkeininga á árinu 2006 skulu gefa að meðaltali 1047 kaupakaeiningar á hvert stöðugildi starfsmanns sem starfar í kaupakakerfi m.v. 100% starf.

Greitt skal samkvæmt nýju bónuskerfi frá og með 16. október 2006 og kemur það til útborgunar 1. desember 2006.

Á tímabilinu frá 1. október 2006 til 31. janúar 2007 skal vera starfandi starfshópur aðila þessa samnings. Starfshópur skal hafa það hlutverk að fylgjast með og tryggja að viðmiðum verði náð þannig að markmiðið um 1047 kaupakaeiningar (bónuseiningar) á árinu 2006 verði náð. Starfshópurinn skal ennfremur vera vettvangur athugasemda varðandi framkvæmd kaupakakerfis o.þ.h. eftir því sem við á, og skal hann þá taka mið af þeim markmiðum sem fram koma í 2. grein.

Við lok innleiðingartímabils, eða þann 1. febrúar 2007, skal fara fram heildaruppgjör tímabilsins 16. október 2006 til 1. janúar 2007 sem miði við endanlegar forsendur.

Starfshópur skal skipaður 4 fulltrúum OR og 4 fulltrúum stéttarfélaganna, sem hvert um sig skipar einn fulltrúa. Að innleiðingartímabili loknu skal skipuð samstarfsnefnd með tveimur fulltrúum frá hvorum aðila þar sem stéttarfélögin sameiginlega skipa tvo fulltrúa.

8. gr. **Um gildistíma o.fl.**

Kaupakasamningur þessi gildir frá 1. október 2006 til 30. september 2007 og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Sé samningnum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Samhliða gildistöku þessa samkomulags fellur úr gildi samningur um kaupakakerfi frá árinu 1982. Samhliða fellur jafnframt úr gildi kaupakakerfi það sem starfað hefur verið eftir hjá OR fram til gildistöku samkomulags þessa.

9. gr. **Veikindi og slys**

Kaupaki greiðist ekki í veikinda- og slysatilfellum, en fastir starfsmenn, sem að staðaldri vinna samkvæmt samningi þessum skulu í veikinda- og slysatilfellum halda dagvinnukaupi auk fastrar yfirvinnu í einn mánuð til viðbótar því, sem samningar og lög kveða á um. Starfsmenn á fyrsta ári eiga rétt á þrem veikindadögum fyrir hvern unninn mánuð.

Reykjavík, 9. október 2006

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

f.h. Eflingar - stéttarfélags

f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

f.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga

f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur

f.h. Sveinafélags pípulagningamanna